

- 24** umsókn um það til fyrnefndrar stjórnar, ásamt ýtarlegri skýrslu um fram-
6. apríl kvæmdir sínar í því atriði, sem hann sækir um verðlaun fyrir. Umsóknin skal vera komin fyrir nýjár, það ár sem verðlaunin eru veitt fyrir.

9. gr.

Þegar stjórnin hefir fengið umsókn um verðlaun í sínar hendur, útnefnir hún 2 menn, og skal annar vera forðagæslumaður hreppsins — ef nokkur er. Skulu þeir skoða hjá umsækjanda í marsmánuði þegar síðari skoðun fer fram hjá forðagæslumanni, og svo aftur í fardögum, og skal þá sjerstaklega tekið tillit til fóðureyðslu og afurða búpeningsins.

Á þessa skipulagsskrá skal útvega konunglega staðfestingu.

Veðrará ytri, 16. nóvember 1921.

Jón Guðmundsson.

Í stjórn Búnaðarf. Mosvallahrepps

Bernh. Halldórsson.

Stefán Pálsson. Magnús G. Jónatansson.

- 25**
7. apríl

Erindisbrjef

fyrir fiskimatsmenn.

1. gr.

Fiskimatsmennirnir eiga að leggja stund á að verða sem færastir í að geta dæmt um gæði saltfiskjar og sem leiknastir í að flokka hann.

2. gr.

Yfirfiskimatsmaðurinn er yfirboðari þeirra og eru þeir aðstoðarmenn hans við fiskimat og umsjón við vigt og útskipun saltfiskjar og hleðslu hans í skipum þeim, sem hann er fluttur út í. Hann kveður þá til vinnunnar og skiftir henni á milli þeirra og segir þeim fyrir verkum.

Þeir skulu vera til taks, þegar hann kallar þá til vinnu við fiskimat.

Ef þeir ætla að verða burt frá heimili sínu nokkuð langan tíma, skulu þeir gjöra honum aðvart um það fyrirfram.

3. gr.

Þeir eru skyldir að fara eftir fyrirskipunum hans og leitast við að gjöra honum til hæfis, þegar þeir vinna undir stjórn hans. 7. apríl

25

4. gr.

Fiskimat til útflutnings skal framkvæmt af tveimur matsmönnum í einu, svo að tveir þeirra geti vottað um allan fiskinn, eins og tíðkast hefur að undanfögnu.

Þeir skulu jafnóðum gefa yfirmatsmanninum nákvæma skýrslu um fisk þann, er þeir hafa metið. Hann segir matsmönnum, sem vinna utan lögsagnar-umdæmis þess, sem hann er búsettur í, fyrir um, hvernig haga skuli skýrslunni.

Fiskimatsmaðurinn má ekki gefa út fiskimatsvottorð, nema eftir fyrirskipun yfirmatsmanns í hvert sinn eða eftir umboði frá honum.

Komi það fyrir við vinnuna, hvort það er við skoðun og mat fiskjar, umsjón með vigt hans, útskipun eða hleðslu um borð, að þeir sjeu í efa um eitthvað eða komi eitthvað fyrir, sem hann hefur ekki gefið þeim fyrirskipanir eða leiðbeiningar um, skulu þeir leita til hans, og fá fyrirskipanir hans um hvað gjöra skuli, en verði því ekki viðkomið, skulu þeir gjöra það sem þeim sýnist rjettast, og skýra honum svo frá því, sem fyrst, og áður en hann gefur út fiskimatsvottorðið.

Þeir skulu og skýra honum frá eða leita hans, ef þeim er sýnd nokkur óhlýðni af vinnufólki eða skipsmönnum eða öðrum, sem hafa með fiskinn að sýsla.

5. gr.

Þeir fá í kaup fyrir vinnu sína 2 — tvær — kr. um hverja klukkustund en á helgidögum 2 kr. 50 aur., hvort sem það er við flokkun fiskjarins, umsjón við vigt hans, útskipun, hleðslu eða annað. Fari matið fram utan hinnar lög-giltu verslunarlóðar telst borgunin fyrir þann tíma, er þeir verða að vera að heiman. Er þeim stranglega bannað að taka á móti nokkurriannari þóknun, hverju nafni sem nefnist frá þeim, sem fiskinn senda út, frá skipstjórum eða skipsmönnum, eða öðrum, sem hafa með fiskinn eða skipið, sem á að flytja fiskinn, að sýsla.

6. gr.

Þeir, sem fiskurinn er metinn fyrir, gjalda fiskimatsmönnum kaup fyrir vinnuna við fiskinn og skulu þeir skrifa reikning yfir vinnulaunin og láta yfirmatsmann, þegar því verður við komið, skrifa upp á hann, að hann sje rjettur, áður en þeir beiðast þess að fá hann útborgaðan, sem þeir að sjálfsgöðu eiga heimtingu á að sje gjört í peningum þegar í stað.

7. gr.

Aðalstarf þeirra er við fiskimat á þeim stað, sem þeir eru skipaðir. Þó

25
7. apríl eru þeir skyldir að fara með yfirmatsmanni til annara staða í umdæmi hans, þegar hann kveður þá til að aðstoða sig þar við fiskimat. Fiskimatsmanni er skylt að framkvæma yfirfiskimatsmanns störf er yfirfiskimatsmaður kveður hann til þess í forföllum sínum.

Fyrir vinnu við fiskimat utan svæðis þess, er þeir eru skipaðir fyrir, fá fiskimatsmenn sömu tímaborgun og getur um í 5. gr., er einnig telst fyrir þann tíma, er þeir þurfa til ferðarinnar fram og aftur, og auk þess fæðispeninga og ferðakostnað eftir reikningi.

Ef þeir verða veðurteptir á fiskimatsferðum þessum eða verða að bíða af því veður leyfir eigi að starfa að fiskimati, skulu þeir fá í daglaun 15 kr. á dag auk fæðispeninganna.

Yfirfiskimatsmaður skrifar upp á reikninga þeirra og lögreglustjóri eða umboðsmaður hans úrskurðar þá, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sjer saman.

8. gr.

Þeir rita undir eiðstaf um að þeir vilji með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla og hlýðnast ákvæðum erindisbrjefs þessa.

Þeir eru skyldir að setta sig við þær breytingar, sem gjörðar kunna að verða á erindisbrjefi þessu.

9. gr.

Hjer með er úr gildi felt erindisbrjef fyrir fiskimatsmenn 12. ágúst 1910 og önnur ákvæði, sem síðar voru sett.

Atvinnu- og samgöngumálaráðaneytið, 7. apríl 1922.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.

26
7. apríl

Erindisbrjef

fyrir yfirfiskimatsmenn.

1. gr.

Yfirfiskimatsmenn skulu kynna sjer sem best, hvernig verkaður og óverkaður saltfiskur eigi að vera að verkun, útliti og stærð, svo hann verði talinn fyrsta flokks vara á þeim stöðum, sem helstur markaður er fyrir hana, einkum á Spáni, Portúgal og Ítalíu og öðrum Miðjarðarhafslöndum, og hvernig fara á með fiskinn og verka hann svo að hann verði talinn fyrsta flokks vara,